

**Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 30. janúar 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-80/2013:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 16. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á rúmi, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

**II**

**Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 19. október sl. gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 25. október. Með bréfi, dags. 29. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 5. nóvember. Með bréfi, dags. 7. nóvember, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bárust þau hinn 28. nóvember. Með bréfi, dags. 29. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og bárust þær hinn 14. desember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 7. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Samkvæmt álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu, keypti álitsbeiðandi rúm af seljanda hinn 5. október 2011. Var rúminu lýst sem mjög góðu og vönduðu rúmi á tilboðsverði, en kaupverð var kr. 89.800. Nokkrum mánuðum eftir kaupin fór að braka mikið í rúminu. Hafði álitsbeiðandi þá samband við seljanda sem viðurkenndi að um galla væri að ræða og reyndi úrbætur á gallanum í kjölfarið. Nokkrum vikum síðar fór aftur að braka í rúminu og hafði álitsbeiðandi samband við seljanda á ný. Sótti seljandi þá rúmbotninn og skilaði honum samdægurs og lét þess í leiðinni getið að botninn yrði aldrei góður og sagði það m.a. ástæðu þess að rúmið hefði verið selt á tilboðsverði, svo og að seljandi hefði ákveðið að hætta sölu samskonar rúmbotna. Hafði álitsbeiðandi aftur samband við seljanda vegna þessa og var þá tjáð að hann gæti ekki búist við frekari aðgerðum af þeirra hálfu til að bæta úr ástandi rúmbotnsins. Meðfylgjandi álitsbeiðni var útprentuð greiðslustaðfesting vegna kaupanna, dags. 5. október 2011.

**IV**

**Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur fram að seljandi hafi framkvæmd viðgerð á rúmbotninum í tvígang, ekkert sé að botninum og að hann uppfylli allar þær kröfur sem til rúmbotna séu gerðar, þó vera kunni að það heyrir örlítið í botninum. Faðir álitsbeiðanda hafi hins vegar ekki talið viðgerðina fullnægjandi og krafist þess að seljandi léti álitsbeiðanda í té nýjan og dýrari rúmbotn, honum að kostnaðarlausu. Slíkan rúmbotn hafi seljandi boðið álitsbeiðanda á innkaupsverði, en því hafi álitsbeiðandi hafnað.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda kemur m.a. fram að hann telji að seljandi hafi viðurkennt, með vísan til þess að umrædd tegund rúmbotna hefði verið tekin úr sölu, að botninn væri haldinn galla. Þá sé álitsbeiðandi ekki sammála fullyrðingu seljanda um að rúmbotninn uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru til rúmbotna, enda braki miklu meira í umræddum rúmbotni en talist geti eðlilegt, þrátt fyrir að gert hafi verið við hann í tvígang. Álitsbeiðandi hafnar þeirri fullyrðingu seljanda að hann hafi krafist þess að fá dýrari rúmbotn í stað þess sem gallaður er, hann telji hins vegar óeðlilegt að seljandi bjóði sér að kaupa annan botn í stað þess að bæta úr gallanum.

## VI

### **Frekari andsvör seljanda**

Í frekari andsvörum seljanda kemur fram að seljandi sé tilbúinn til að taka rúmbotninn aftur og láta reyna á viðgerð á honum. Þá sé seljandi tilbúinn til að selja álitsbeiðanda nýjan botn, af annarri gerð, á kostnaðarverði.

## VII

### **Frekari athugasemdir álitsbeiðanda**

Í frekari athugasemdum álitsbeiðanda kemur fram að hann telji málið fullreynt af sinni hálfu. Seljandi hafi viðurkennt að rúmið sé haldið galla og fengið það þrisvar til viðgerðar, því krefjist álitsbeiðandi þess að honum verði endurgreitt rúmið.

## VIII

### **Niðurstaða kærunevndarinnar**

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Á álitsbeiðandi keypti umrætt rúm af seljanda hinn 5. október 2011 og frá því tímamarki og þar til álitsbeiðandi leitaði álits kærunevndarinnar hinn 16. október sl. gerði seljandi, að kröfu álitsbeiðanda, tvær árangurslausar tilraunir til að lagfæra brak í botni rúmsins. Að mati kærunevndarinnar er því ljóst að álitsbeiðandi bar fyrir sig galla á rúmbotninum án ástæðulauss dráttar skv. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í IV. kafla sömu laga er fjallað um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. í 1. mgr. 16. gr. þess kafla segir m.a.:

„Söluhlutur telst vera gallaður ef:

- a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;“

Í tilvitnaðri málsgrein er rakið hvenær söluhlutur teljist haldinn galla. Í a-lið hennar er rakið segir að söluhlutur teljist m.a. gallaður ef hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. laganna, en þar segir m.a.:

„Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
- c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
- d. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;

Að mati kærunefndarinnar er í máli þessu ekki sýnt fram á að söluhlutur fullnægi ekki þeim kröfum sem gerðar eru í tilvitnaðri grein, enda getur brak í rúmbotni upp að vissu marki verið eðlilegt, þó slíkt ráðist vissulega af því hve mikið brakið er, en það er ekki leitt í ljós í máli þessu.

Hins vegar kemur það fram í atvikalýsingu álitseiddanda að umrætt rúm hafi verið selt með afslætti og ástæða þess hafi verið sú að seljandi hygðist hætta sölu rúmsins þar sem rúmbotn þess var ekki talinn nægjanlega góður. Þessu mótmælir seljandi ekki, þrátt fyrir að af þeirri fullyrðingu megi draga þá ályktun að eiginleikar rúmsins, þ.e. brak í botni þess, hafi við sölu verið með þeim hætti að seljandi hlaut að þekkja til þeirra og að þeir eiginleikar hafi ráðið því að rúmið var selt með fyrrgreindum afslætti. Hins vegar virðist álitseiddandi ekki hafa verið upplýstur af seljanda um þessa neikvæðu eiginleika rúmsins, en að mati kærunefndarinnar hefði seljandi verið rétt að gera það og telst rúmið því haldið galla skv. b-lið 1. mgr. 16. gr. laganna.

Í VI. kafla laganna er fjallað um úrræði neytanda vegna galla í söluhlut. Þar segir í 1. mgr. 26 gr. um úrræði neytanda vegna galla:

- „Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:
- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
  - b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
  - c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
  - d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
  - e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Líkt og fram er komið hefur seljandi reynt, án árangurs, í tvígang að bæta úr gallanum og í síðustu andsvörum sínum lýsti hann sig tilbúinn til að reyna enn að bæta úr gallanum. Í 29. og 30. gr. laganna er fjallað um úrbætur galla. Í 2. mgr. síðarnefndu greinarinnar segir m.a. að seljandi eigi ekki rétt á að bæta úr sama galla eða afhenda nýjan söluhlut vegna sama galla oftast en tvisvar sinnum nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem réttlæti slíkt. Telur kærunefndin engar slíkar sérstakar aðstæður vera fyrir hendi og getur seljandi því ekki vikið sér undan kröfum álitseiddanda um riftun, sbr. 3. mgr. 29. gr. laganna, með því að bjóðast til að ítreka tilraunir sínar til úrbóta.

Sem fyrr segir hefur seljandi krafist riftunar skv. ákvæðum 32. gr. laganna. Í 32. gr. segir að í stað afsláttar skv. 31. gr. geti neytandi rift kaupum nema galli sé óverulegur. Að mati kærunefndarinnar er ekki leitt í ljós að sá galli sem hér um ræðir sé svo verulegur að það leiði til riftunar. Af því leiði hins vegar að álitseiddandi eigi rétt á afslætti skv. 31. gr. Skal afslátt meta að álitum og er hann hæfilega metinn kr. 20.000.

Seljandi hefur, í stað riftunar, boðið álitseiddanda að kaupa nýjan rúmbotn á kostnaðarverði. Vill kærunefndin benda á að álitseiddanda er frjálst að taka því tilboði frekar en að krefjast afsláttar, kjósi hann svo.

**IX**  
**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 15.000.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir